

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 90/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna þjófnaðar á æðardúni.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.3.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 329/2000.
3. Lögregluskýrsla.
4. Bréf málskotsaðila, dags. 16.2. og 23.3.2000.
5. Bréf X, dags. 16.3. og 4.4.2000.

Málsatvik.

Þann 7.1.2000 var brotist inn í bílskúr í nágrenni Reykjavíkur og stolið þaðan talsverðu magni af æðardúni, sem þar var til hreinsunar, þ. á m. 17 kg af hreinsuðum æðardúni í eigu M, sem búsettur er í Reykjavík. Kvað M dúnninn hafa verið tímabundið í umræddum bílskúr til hreinsunar. Verðmæti dúnsins hafi verið kr. 799.000,-. Dúnninn hafi komið úr æðarvarpi sem M og fjölskylda hans hafi nýtt um árabíl. Sé nýting þess hluti af fjölskyldu- og heimilisstarfi. Engin atvinnurekstur sé í tengslum við nýtingu dúnsins og hann sé nýttur “almennt í innbú svo sem í sængur, hlífðarfatnað, til gjafa o.fl.” Við töku fjölskyldutryggingarinnar hafi verið getið munnlega ákveðinna lausafjármuna tryggingartaka, svo sem málverka, pelsa, æðardúns o.fl. Þá hafi tryggingafélagið boðið að bæta tjónið með kr. 250.000,- og telji því að tjónið sé bótaskyldt en að krafan hafi verið of há.

Af hálfu tryggingafélagsins er talið að umrætt magn æðardúns geti ekki talist til innbús vátryggingartaka eða til búsmuna í skilningi vátryggingaskilmála. Þá er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að þess hafi verið getið við töku vátryggingarinnar að æðardúnn væri meðal lausafjármuna í eigu vátryggingartaka. Ennfremur hafnar félagið að bótatilboð þess feli í sér viðurkenningu á bótaskyldu.

Álit.

Í 2. gr. skilmála fyrir innbústryggingu M hjá félaginu segir að vátryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna vátryggðu. Að því marki sem þýðingu hefur í máli þessu þá segir í skilmálum að með almennu innbúi sé átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín, svo og almennan viðlegubúnað og tómstundaáhöld. Með sérgreindu innbúi sé átt við málverk, listaverk, myndavélar, heimilistölvur o.fl. tæki sem eru tæmandi talin í skilmálunum ásamt fylgihlutum við þau. Einnig teljast til sérgreinds innbús peningar, verðbréf, handrit frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn. Af upptalningu þessari verður að telja ljóst að æðardúnn í eigu M í því magni, sem hvarf við innbrotið, getur ekki talist til innbúsmuna sem vátryggingin tekur til. Þá verður og að telja ósannað að sérstaklega hafi verið um það samið við töku tryggingarinnar að hún skyldi taka til æðardúns. Ekki verður heldur talið að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu með því að hafa boðið M bætur að tiltekinni fjárhæð.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.